

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð, nr. 753/1997, um mánaðarleg skil á staðgreiðslu og tryggingagjaldi.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:  
Staðgreiðslufé og tryggingagjaldi ber að skila inn á reikning ríkissjóðs nr. 25009 hjá Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 19. mars 2002.*

F. h. r.

**Pórhallur Arason.**

*Erla Pétursdóttir.*

## SAMPYKKT

### um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps.

I. KAFLI

#### Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er skipuð fimm sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Mýrdalshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.